

Nd.

211. Frumvarp til laga

[169. mál]

um breytingu á lögum nr. 34 18. febrúar 1953, um verðjöfnun á olíu og bensíni.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Söluverð á gasolíu, svartolíu, ljósaolíu, bifreiðabensíni, flugvélabensíni og flugsteinolíu skal vera hið sama, hvar sem er á landinu.

2. gr.

5. gr. laganna orðist svo:

Ákvæði laga þessara gilda ekki um flugsteinolíu og flugvélabensín, sem ætlað er til notkunar í utanlandsflugi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu felst sú breyting á gildandi lögum um verðjöfnun á olíu og bensíni, að flugsteinolía til innanlandsflugs er tekin með í verðjöfnun.

Flugsteinolía er önnur tegund en venjuleg steinolía. Getur hún því ekki fallið undir ljósaolíu í gildandi lögum.

Á undanförnum árum hefur notkun flugsteinolíu aukist verulega hér á landi. Flugfélögin úti á landsbyggðinni nota í æ ríkara mæli flugsteinolíu og þykir því rétt að jafna aðstöðu þeirra að þessu leyti.

Flugvélabensín var tekið í verðjöfnun með lögum nr. 57 30. maí 1975. Ekki þótti ástæða til að taka flugsteinolíu þá með vegna lítillar notkunar hennar úti á landi.

Í 1. gr. eru taldar þær olíutegundir, sem verðjöfnunin skal ná til. Bætt er við í upptalninguna flugvélabensíni og flugsteinolíu. Séu þessar tegundir ætlaðar til utanlandsflugs, nær verðjöfnun ekki til þeirra, sbr. 2. gr.

Verðjöfnunargjald af flugsteinolíu þyrfti að verða 2—3 kr. pr. l., miðað við sölu eins og hún hefur verið í ár. Verðhækkun í Reykjavík mundi verða ca. 3 kr. pr. l., en lækkun á t. d. Akureyri eða Egilsstöðum mundi verða ca. 20 kr. pr. l. Útsöluverð fyrir allt landið yrði því ca. 247 kr. pr. l.